vaxta, gegn veði í tekjum prestakallsins, þannig, að skuldin hvíli á prestakallinu, að **66**
svo miklu leyti sem hún verður ekki greidd af tekjum kirkjunnar, og skal jeg 5. apríl
þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður og herra biskup, að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að eptirlit verði haft með því, að fjenu verði varið eins og að ofan segir, og að kirkjubyggingin verði forsvaranlega af hendi leyst.

Bjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna* **um lántökuleyfi handa prestakalli til kirkjubyggingar.** **67**
— Samkvæmt ósk og tillögum stipts- 13. apríl
yfirvaldanna í þóknanlegu brjefi, dags. 2. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til, að hlutaðeigandi prestur megi taka embættislán, að upphæð 300 krónur, til handa Klippstaðarprestakalli, til endurbyggingar kirkjunni að Klippstað, þannig, að það endurgjaldist auk 4 % árlegra vaxta með 25 kr. á ári í 12 ár af tekjum prestakallsins, að því leyti sem árlegar tekjur kirkjunnar hrökkva eigi til þess. Fel jeg stiptsyfirvöldunum að sjá um, að eptirlit verði haft með því, að láninu sje forsvaranlega varið til þess, sem leyfið er við bundið.

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna* **um lántökuleyfi handa prestakalli til húsbyggingar.** **68**
— Samkvæmt beiðni prestsins að Saurbæ 13. apríl
á Hvalfjarðarströnd, sjera Jóns Benediktssonar, meðmælum prófastsins í Borgarfjarðarprófastsdæmi og tillögum stiptsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi, dags. 22. f. m. vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess að tjeður prestur taki 2,000 króna embættislán upp á Saurbæjarprestakall, til þess að byggja timburhús á prestssetrinu Saurbæ, og er lántökuleyfið bundið þessum skilyrðum:

1. Lánið skal að fullu endurborgað ásamt vöxtum á 20 árum.
2. Húsið skal byggt undir tilsjón prófasts; skal það vera portbyggt, hæfilega hátt, að minnsta kosti 12 álna langt og 10 álna breitt, með járnþaki og járnvarið að öðru leyti gegn helstu regnáttum. Kjallari skal vera undir húsinu, grjóthlaðinn og steinlímdur, og eldavjel og nauðsynlegir ofnar fylgja húsinu. Um herbergjaskipun skal leita samþykkis prófasts og hlíta hans úrskurði, og skal byggingunni að öðru leyti hagað samkvæmt tillögum prófastsins í brjefi til stiptsyfirvaldanna 25. febr. þ. á. Málað skal húsið vera utan, þar sem það er ekki járni klætt, svo og íveruherbergi.
3. Húsið skal vera eign staðarins, og skal það koma í stað þessara bæjarhúsa, sem nú eru þar: baðstofu, ganga frá bæjardyrum til baðstofu, bæjardyrabúrs og eldhúss. Presturinn skal skyldur að halda við húsinu, og skal hann eða dánarbú hans skila því í gildu standi eða með fullu álagi, þegar hann fer frá prestakallinu eða deyr.